

Orkustofnun  
Kristján Geirsson  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík

Reykjavík, 25. júlí 2023  
UST202307-122/B.S.  
10.05.07

### **Efni: Umsókn nýtingarleyfi grunnvatns - eldisstöðin Íspór**

Vísað er til erindis Orkustofnunar dags. 10. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest í apríl 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 28. gr. lagana skulu opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem kemur fram í vatnaáætlun. Jafnframt kemur fram í sömu lagagrein að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við útgáfu nýtingarleyfis þarf að gæta að þessari stefnumörkun vatnaáætlunar. Ef niðurstöður vöktunar eða önnur gögn sýna fram á að umhverfismarkmið í vatnaáætlun nást ekki skal, ef unnt er, gera ráðstafanir til að bæta ástand vatnshlots. Viðkomandi leyfisveitandi skal þá endurskoða útgefið leyfi, þegar við á, í því skyni að umhverfismarkmiðum verði náð.

Samkvæmt vatnavefsjá stjórnar vatnamála er fyrirhugað nýtingarleyfi tengt grunnvatnshlotunum Selvogsstraumur 3 (104-290-G) og Ölfusstraumur 3 (103-268-G). **Umhverfismarkmið grunnvatnshlotanna er að vera með góða magstöðu.** Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála má ástand grunnvatnshlotsins ekki rýrna, hvorki tímabundið né varanlega. Ef fyrirséð er að magnstaða grunnvatnshlotanna muni versna við nýtingu grunnvatnsins þarf að fara í viðeigandi mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir hnignun ástands. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 18 gr. laga

nr. 36/2011 um stjórn vatnamála þarf framkvæmdaraðili að sækja um heimild stofnunarinnar til breytingar vatnshlots ef ekki er hægt að tryggja góða magnstöðu grunnvatnshlotsins.

Magnstaða grunnvatnshlotanna Selvogsstraumur 3 (104-290-G) og Ölfusstraumur 3 (103-268-G) er óþekkt og því er það mat Umhverfisstofnunar að framkvæmdaraðili þarf að gera viðeigandi rannsóknir til að staðfesta magnstöðu og meta áhrif starfseminnar á magnstöðuna. Jafnframt er bent á þau samlegðaráhrif á vatnstöku sem skapast á svæðinu með tilkomu fleiri fyrirtækja.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson,  
**sérfræðingur**

Björn Stefánsson,  
**sérfræðingur**